



Íslenska 7. bekkur 2025-2026

Markmið með íslenskukennslu er að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það í daglegu lífi. Fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni er notað til þess að vinna að hæfniviðmiðum íslensku sem skipt er skipt í fjóra flokka: talað mál; hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði.

Mikil áhersla er lögð á lestur og lesskilning, enda er hann mikilvægur fyrir nemendur til að sækja sér þekkingu og getur einnig stutt við getu nemenda til að tjá sig munnlega og skriflega, enda er tjáning mikilvæg til að geta tekið þátt í samfélaginu.

Kennsluaðferðir

Kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir. Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í paravinnu, hópavinnu, með umræðum, upplýsingatækni, ýmis konar lestri og fleira.

Námsefni og gögn

Málrækt 3, Mál er miðill, Málið í mark-fallorð, Ljóðspor, Orðspor 3; lesbók og vinnubók, Þriðji Smellur- lesskilningur, stafsetningaræfingar, ritun, framsögn og ýmis verkefni af vef.

Bekkurinn les saman bækurnar Benjamín dúfa og Ungfrú fótbolti.

Stóra upplestrakeppnin: Æfing í framsögn, undirbúningur fyrir upplestur, ljóð og sögur.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson



Stærðfræði 7. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lífandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Leitast er við að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön. Hæfniviðmiðum í stærðfræði er skipt í sjö flokka og eru þeir; Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Helstu viðfangsefnin eru: Tölur og reikningur, algebra, brot, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi. Markmið kennslunnar eru að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum, námsefni og námsmati.

Kennsluaðferðir

Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í smærri hópa. Fyrsta kennslustund í nýju námsefni hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir. Ef ekki næst að ljúka við áætlun í vikulok þarf að gera það heima og gæta þess að henni sé lokið á mánudegi. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Stika 3a og 3b; nemendabók og æfingahefti, ýmis verkefni í tölvu og önnur verkefni.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og virkni og vinnusemi metin ásamt könnunum í námsefninu. Endurgjöf er regluleg og hefur skýran tilgang þannig að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson



Þema 7. bekkur 2025-2026

Samfélags og náttúrfraðigreinar eru kenndar í þemum. Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Undir samfélagsgreinar heyra meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, en þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda.

Markmið kennslunnar í þema er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Þemu í 7. bekk eru Náttúrulega, Trúarbrögðin okkar, Bókmenntaþema, Evrópa, Áhugasvið.

Kennsluaðferðir

Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir. Efnið er lesið, tekið til umræðu og unnið með það ýmist einstaklingslega eða í hópum (svara spurningum, skapandi verkefni og myndbönd, eða eftir því sem við á).

Námsefni og gögn

Náttúrulega 3, Trúarbrögðin okkar- Búddhatrú • Hindúatrú • Gyðingdómur • Kristin trú • Íslam. Sameiginlegir þættir trúarbragða, s.s. helgisagnir, siðfræði og helgiathafnir. Trúarbragðavefurinn: <https://vefir.mms.is/truarbrogd/index.html>, Ungfrú fótbolti og Evrópa lesbók og vinnubók.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og virkni og vinnusemi metin ásamt könnunum í námsefninu. Endurgjöf er regluleg og hefur skýran tilgang þannig að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson



Danska 7. bekkur 2025-2026

Unnið verður með ýmiss konar texta, þematengda, smásögur, danska þætti, danskar myndir, lagatexta og leiki. Markmiðið er að auka lesskilning og orðaforða og að þjálfar nemendur í framsögn og hlustun.

Kennsluaðferðir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Meðal annars innlagnir, þarvinna, hópavinna, hlustun/áhorf, ritun, talæfingar, umræður, vinnubókarvinna, töflukennsla, lestur, ýmsir leikir, spurningakeppni. Skapandi vinna skipar stóran sess í tímum hjá okkur.

Námsefni og gögn

Start, Start vinnubók, Ulvepigen Tinke DVD, Mille DVD, Klassen (þættir á dr.dk), jóladagatal frá dr.dk og ýmis verkefni af internetinu.

Námsmat

Kaflakannanir (3), kynningar,

Nemendur taka skrifleg próf sem eru lesskilningspróf. Nemendur gera kynningar um sig sjálf í google slides, power point eða prezi.

Kennari Erna Björg Guðlaugsdóttir



Enska 7. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms og kennslu í erlendum tungumálum er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Kennsluaðferðir

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara, nemendur leita lausna og vinna með ýmsum aðferðum bæði í einstaklings og samvinnu. Kennsla er brotin upp með notkun spila, leikja og tölva til að auka fjölbreytni og um leið höfða til fleiri nemenda. Í enskutímum verður lögð áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsefni og gögn

Yes we can 7 lestrar- og vinnubók, Action lestrar- og vinnubók. Málfræðihefti C og önnur gögn, svo sem vefir á netinu, leikir, tölvur og iPadar.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám og byggist námsmatið á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum úr Aðalnámsskrá fyrir tungumál. Hæfniviðmiðin eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Kennari Alda Ólafsdóttir



Lífsleikni 7. bekkur 2025-2026

Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann eflir félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Í lífsleikni er ekki verið að kenna nemendum þau fræði sem námsgreinin byggist á heldur eru þau nýtt til að fjalla á uppbyggilegan og markvissan hátt um hugmyndir, lífssýn og reynslu nemenda.

Lífsleiknin er samofin öllu skólastarfi og öllum skólabrag. Ein ákveðin kennslustund í lífsleikni er í viku hverri þar sem ákveðnir þættir námskrár eru teknir fyrir þar sem kennari hefur umræðu og eflir nemendur til að taka þátt. Bekkjarfundir eru reglulegir, sáttmálavinna er gerð í upphafi hvers skólaárs og í er sérstakt Vinapema unnið í 5. bekk sem tekur 3-4 vikur.

Kennsluaðferðir eru ýmist umræður, bekkjarfundir, samvinnuverkefni, leikir og hópeflisverkefni.

Námsefni og gögn

Kennslubókin Ertu? og fjölbreytt námsgögn, svo sem hefti, kvikmyndir, leikir og fleira.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson



Íþróttir 7. bekkur 2025-2026

Helstu áherslurnar eru: leikir, samvinna, hreyfing og virkni. Að nemendur kunni skil á mismunandi leikjum og íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar, leiki með og án áhalda, hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig : Upphitun, aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Á eldri stigum metum við nemendur eftir virkni, viðhorfi, mætingu og framkomu ásamt stöðluðum íþróttaprófum. Þessi stöðluðu próf meta styrk, snerpu, samhæfingu og þol nemanda.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Sund 7. bekkur 2025-2026

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta: gert æfingar sem reyna á loftháð þol, synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.

Félagslegir þættir: rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.

Heilsa og efling þekkingar: gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun, útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja, notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum, tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu, nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtíamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.

Öryggis- og skipulagsreglur: gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Kennsluaðferðir

Nemandi þjálfar sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok sjöunda bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti: 300 m bringusund, tímamörk: synt á innan við 10 mínútum, 50 m skólabaksund, 15 m björgunarsund með jafningja, 8 m kafsund, 50 m bringusund, synt undir 1:14 mín, 25 m skriðsund, synt undir 32 sek

Leiðsagnarmat:

Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: **S** fyrir settu marki náð, **F** fyrir framvinda góð, **Þ** fyrir þarfnast frekari þjálfunar.

Lokamat: A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir sæmilegri hæfni, C lýsir góðri hæfni, D hæfni sem ekki nær viðmiðum sem lýst er í C

Kennari Gábor Réz



Heimilisfræði 7. bekkur 2025-2026

Helstu áherslur í námi og kennslu 7. bekkjar eru að nemandi:

- Læri um alla fæðuflokkana og helstu næringarefni fæðunnar.
- Geri sér grein fyrir því hvaða áhrif neysluvenjur hafa á heilsuna.
- Sýni hreinlæti við matreiðslu og frágang.
- Læri að fara eftir uppskriftum og fyrirmælum og mæla rétt samkvæmt því.
- Temji sér góð vinnubrögð og sýni sjálfstæði og frumkvæði við vinnu sína.
- Þekki algengustu áhöld og tæki í eldhúsinu og geti notað þau rétt.
- Fáir þjálfun í að matreiða fjölbreyttan, góðan og hollan mat og geti tekið upplýsta ákvörðun þegar kemur að vali á hollum mat eða óhollum.
- Vinni vel með öðrum og skipti verkum á sanngjarnan hátt.
- Sýni varkárni við vinnu sína eftir því sem við á og geti sýnt rétt viðbrögð við helstu óhöppum sem verða í heimilisfræði – þ.e. að brenna sig og skera sig.

Kennsluaðferðir

Ferlið í tímum er yfirleitt nokkuð svipað. Við höfum verklegar æfingar í öllum tímum og sleppum því að vinna í bókum. Á móti kemur að gerð er krafa um að nemendur hlusti vel á fræðslu og útskýringar kennara í byrjun hvers kennslustundar.

Áhersla er lögð á hreinlæti, að þrifa hendur vel og vandlega og setja á sig svuntu.

Gerð er krafa um að allir taki þátt og að nemendur skipti verkum jafnt þannig að allir fái að spreyta sig. Alltaf er ákveðinn sveigjanleiki í verkefnum – stundum koma ekki rétt hráefni þegar pantað er og stundum koma sérstakar óskir frá nemendahópnum sem hægt er að bregðast við.

Námsgögn

- Fæðuhringurinn
- Uppskriftir úr ýmsum áttum – úr bókum og af netinu
- Uppskriftir og verkefni úr kennslubókinni Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 7. bekk
- Áhöld, hráefni og matvæli úr kennslueldhúsinu

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lokanámsmat er í lok námslotu sem á þessu skólaári er 12 vikur þar sem nemendur mæta 2x í viku í 80 mínútur í senn. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum – bæði í umræðum og verklegri vinnu.

Flestar uppskriftir sem notaðar eru í heimilisfræðinni eru á heimasíðu heimilisfræðinnar

www.audhumla.weebly.com

Kennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Textíll 7. bekkur 2025-2026

Viðfangsefnin eru skipulögð með það í huga að þau hafi fagurfræðilegt og hagnýtt gildi fyrir nemendur ásamt því að þeir læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

Kennsluaðferðir

Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum tvisvar sinnum í viku í 12 vikna lotum. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna. Helstu markmið eru að nemandi:

- saumi krosssaum eftir eigin hönnun eða annarra
- sníði og klippi eftir pappírssníði og mæli fyrir saumförum
- þjálfist í að sauma í saumavél
- þjálfist í að prjóna og/eða hekla
- átti sig á möguleikum til endurnýtingar textílefna og prufi sig áfram
- læri vefjarefnafræði og átti sig á umhverfisáhrifum textíliðnaðar
- liti vefjarefni með taulitum og beiti nokkrum þrykk aðferðum til að fá munstur á efni
- upplifi sköpunargleði við úrfærslu eigin textílverks
- nýti hugbúnað (Cri cut og flosscross.com) í tengslum við textílvinnu
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- venji sig á að ganga frá áhöldum, efnum og verkefnum

Námsefni og gögn

Efni og áhöld frá kennara.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Kennari Sigríður Rafnsdóttir



Sjónlistir 7. bekkur 2025-2026

Í sjónlistum í 7. bekk er unnið markvisst að því að efla sköpunargáfu, myndlæsi og tjáningu nemenda í samræmi við grunnþætti menntunar. Byggt er ofan á grunn fyrri ára og unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár í sjónlistum (sköpun, greining og úrvinnsla, menning og umhverfi).

Áherslurnar beinast að þremur kjarnaþáttum:

Sköpun, tækni og miðlun: Nemendur þjálfast í að nota fjölbreytt efni, verkfæri og miðla (bæði í tví- og þrívídd) og læra að skipuleggja vinnuferli sitt frá hugmynd að lokaverki með auknu sjálfstæði.

Hugmyndavinna og tjáning: Lögð er áhersla á að nemendur noti listsköpun til að þróa og dýpka eigin hugmyndir og tjá persónulega reynslu, tilfinningar eða skoðanir.

Ígrundun og menningarlæsi: Nemendur læra að skoða og ræða eigin verk og verk annarra á gagnrýnninn hátt. Þeir þjálfast í að greina myndmál í umhverfi sínu og kynnast ólíkum listastefnum og listamönnum.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara um námsefnið og sýnikennsla. Megináhersla kennslunnar er að nemendur séu virkir þátttakendur í sköpun og fái rými til að vinna með efni, gera tilraunir og þróa verk sín.

Kennari aðstoðar nemendur við að nýta sér grunnþætti myndlistar (s.s. form, liti, áferð, rými, fjarvidd og hlutföll) í eigin verkum.

Námsefni og gögn

Mismunandi efni, verkfæri og miðlar eru notaðir til að nemendur geti nýtt þá á skipulagðan hátt í eigin sköpun (t.d. blýant, kol, vatnsliti, akrýl, leir, textíl, stafræna miðla o.s.frv.). Lögð er áhersla á vandaða efnismeðferð og frágang.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem kennari metur vinnuframlag, virkni, sjálfstæði og úrlausnir nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla er lögð á að nemendur fái endurgjöf á verk sín og tækifæri til að bæta sig.

Listgreinakennari Hjalti Einar Sigurbjörnsson



Sköpunarsmiðjur 2025-2026

Í sköpunarsmiðjum er unnið markvisst að því að efla sköpunargáfu, tæknilæsi og lausnamiðaða hugsun nemenda í samræmi við grunnþætti menntunar og áherslur í STEAM (Science, Technology, Engineering, Art, Math). Byggt er á hæfniviðmiðum aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt, hönnun og smíði ásamt lykilhæfni.

Markmið smiðjunnar er að nemendur öðlist færni í að nýta tækni og skapandi hugsun til að leysa viðfangsefni, vinna saman og miðla hugmyndum sínum.

Kennsluaðferðir

Kennslustundir byggjast upp á stuttri innlögn kennara eða sýnikennslu, en megináhersla er lögð á virka þátttöku nemenda í verklegum æfingum.

- **Verkefnamiðað nám:** Nemendur fá áskoranir sem þeir þurfa að leysa.
- **Stöðvavinna:** Unnið er í smærri hópum til að tryggja að allir fái aðgengi að tækjum og efni.
- **Leikjavæðing:** Nám gert að leik til að auka áhuga og virkni.

Námsefni og gögn

Áherslur sköpunarsmiðjanna beinast að þremur kjarnapáttum sem fléttast saman í verkefnavinnu:

- **Sköpun, hönnun og nýsköpun:** Nemendur þjálfast í að nota fjölbreytt efni (t.d. Lego, endurnýtanlegt efni) og tækni til að hanna lausnir. Lögð er áhersla á ferlið frá hugmynd að lokaverki (hönnunarferlið).
- **Tækni og lausnaleit:** Nemendur kynnast forritun, verkfræðilegum pælingum (e. engineering) og rökhugsun í gegnum leik og tilraunir.
- **Samvinna og miðlun:** Nemendur læra að vinna saman í hópum, ræða hugmyndir sínar, gera tilraunir, mistakast og reyna aftur.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem kennari fylgist með vinnuframlagi, virkni og samvinnu nemenda í tímum.

Kennarar Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson